

Til Alþingis og sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu


(afrit sent til einstakra þingmanna, borgar- og bæjarfulltrúa, samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis, SSH, Betri samgangna ohf og Vegagerðinni)

Undirritaðir meðlimir í hópnum „Áhugafólk um samgöngur fyrir alla (ÁS)“ vilja vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á tillögu ÁS um ódýrt hraðvagnakerfi, BRT-Lite, sem er bæði mun ódýrara og hagkvæmara en Borgarlínan. Í nýlega útgefnum skýrslur tengdum fyrirbyggjandi frumdrögum að 1. áfanga Borgarlínu er að finna efni sem varpar skýrara ljósi á málið.

Umferðarspár í nýju samgöngulíkani benda eindregið til þess að Borgarlínan mun aðeins leiða til þess að bílaumferð verði í besta falli örfáum prósentum minni en ella, sbr. skýrslu um breyttar ferðavenjur á vefsíðu ÁS:

www.samgongurfyriralla.com undir *Forsíða/Opinber gögn rýnd*

Auk mikils stofnkostnaðar er megingalli við Borgarlínuna að sérrými fyrir hana tekur allt of mikla umferðarrým (flutningsgetu) frá gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins sem er yfirhlaðið fyrir. Það leiðir til stórukins tafakostnaðar fólks og fyrirtækja, sbr. greinargerðina „Borgarlínan – hugmyndir og veruleiki“ á vefsíðu ÁS undir *Forsíða/hvers konar borgarlína?*



Þversnið af fyrirhuguðum breytingum á Suðurlandsbraut milli Vegmúla og Grensásvegar

Heimild: Borgarlínan – 1. lota forsendur og frumdrög – Verkefnastofa Borgarlínu, jan 2021, bls. 130

ÁHUGAFÓLK UM SAMGÖNGUR FYRIR ALLA

Vegna ofangreindra galla Borgarlínunnar er full ástæða til að skoða fýsileika ódýrara hraðvagnakerfis (BRT-lite). Miðað við kostnaðaráætlun 1. áfanga Borgarlínu (um 25 mia. kr. fyrir 14,5 km) má gera ráð fyrir að heildarkostnaður við Borgarlínuna verði um 100 mia. kr. fyrir kerfið í heild (60 km).

Í tillögu ÁS er gert ráð fyrir að sérakreinar verði hægra megin í akbraut á þeim vegköflum þar sem eru langar biðraðir bíla á álagstímum. Sérakreinar fyrir almenningsvagna verði ekki teknar frá almennri umferð heldur gerðar nýjar akreinar. BRT-Lite mun því ekki auka umferðartafir. Lauslega áætlaður kostnaður við BRT-Lite kerfið yrði á bilinu 15-25 mia. kr. Það er því allt að 80 mia. kr. ódýrara en Borgarlínan en gerir nánast sama gagn. Sparnaðinn má t.d. nota í mun hagkvæmari framkvæmdir við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu, sbr. greinargerð með tillögum ÁS um breytingar á samgöngusáttmála, sem finna má á vefsíðu ÁS undir *Forsíða/Endurskoðunar er þörf*.

Á vefsíðu ÁS má finna ítarlegri greinargerð um BRT-Lite undir Forsíða/Greinargerð/Gögn. Þar er m.a. greint frá erlendum dæmum um BRT-Lite kerfi.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Hjaltason, farsími 693 5731, netfang: thjaltason@gmail.com

Virðingarfyllst, Þórarinn Hjaltason, samgönguverkfræðingur MSc og MBA

Jónas Elíasson, prófessor emeritus í verkfræði

Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur FAÍ - FSFFÍ

Sveinn Óskar Sigurðsson, BA hagfræði og heimspeki, MBA, MSc,
bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ

Dr. Bjarni Reynarsson, skipulagsfræðingur

Elías B. Elíasson, verkfræðingur

Dr.-Ing Haraldur Sigþórsson, samgönguverkfræðingur

Ragnar Árnason, prófessor emeritus í hagfræði

Dr. Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur